



## REGLUR UM VIÐURKENNINGU VEGNA NÝSKÖPUNAR

Akraneskaupstaður veitir viðurkenningu vegna nýsköpunar til einstaklinga, hópa eða fyrirtækja á Akranesi samkvæmt eftirfarandi reglum:

### 1. gr.

Viðurkenning fyrir nýsköpun skal veitt einu sinni á ári í formi peningaverðlauna, kr. 500.000.

### 2. gr.

Bæjarráð gerir tillögu um nýsköpunarviðurkenningu í maí ár hvert til bæjarstjórnar Akraness.

### 3. gr.

Viðurkenningin er veitt til einstaklinga, hópa og fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og við mat á veitingu hennar er stuðst er við skilgreiningu Óslóarhandbókar OECD um nýsköpun: „Með nýsköpun er átt við innleiðingu nýrrar eða verulega endurbættrar afurðar (vöru eða þjónustu) eða aðferðar við markaðssetningu eða nýs skipulags í viðskiptum, á vinnustað eða í ytri samskiptum“.

### 4. gr.

Auglýst verði eftir tilnefningum til nýsköpunarviðurkenningar ár hvert og verða þar til gerð eyðublöð gerð aðgengileg á vef Akraneskaupstaðar. Rökstuðningur skal fylgja tilnefningunni.

### 5. gr.

Skilyrt er að verkefnið hafi tengingu við Akranes. Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita viðurkenninguna aðila sem ekki á lögheimili á Akranesi, enda tengist hann bæjarfélaginu með einhverjum hætti.

### 6. gr.

Bæjarráð er ekki bundið af tilnefningum við ákvörðun um viðurkenningu. Bæjarráð áskilur sér ennfremur rétt til að falla frá veitingu viðurkenningar, í sérstökum tilvikum.

**Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 28. janúar 2016**

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 9. febrúar 2016**

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri